

FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/738**2018/EES/72/13****frá 27. febrúar 2018**

um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í málmkeramikkeiningum fyrir stilliviðnám, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði ⁽¹⁾, einkum a-lið 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 2011/65/ESB er þess krafist að aðildarríkin tryggji að raf- og rafeindabúnaður, sem settur er á markað, innihaldi ekki blý.
- 2) Með 34. lið í III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er veitt undanþága fyrir notkun blýs í málmkeramikkeiningum fyrir stilliviðnám til 21. júlí 2016. Framkvæmdastjórninni barst umsókn um endurnýjun á þessari undanþágu í tengslum við 1.–7. flokk og 10. flokk fyrir 21. janúar 2015, í samræmi við 5. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB.
- 3) Stilliviðnám eru breytileg viðnám. Í þeim eru skriðsnertur til að aðlaga viðnám rásar. Þau eru notuð í margs konar vörur, s.s. í hljóð- og myndmiðlunarbúnað, fjarskiptabúnað, leikföng, mælíbúnað og rafknúin heimilistæki. Þau innihalda blý sem blýoxíð í viðnæmu bleki þar sem það gegnir hlutverki viðloðunarefnis.
- 4) Sem stendur eru engir áreiðanlegir blýlausir staðgöngukostir fáanlegir og er því vísindalega og tæknilega ómögulegt að skipta út blýi.
- 5) Þar eð engir nægilega áreiðanlegir staðgöngukostir eru í boði á markaði fyrir viðkomandi notkun í 1.–7. flokki og 10. flokki eða verði líklega í boði á markaði í náninni framtíð er gildistími til 21. júlí 2021 réttlætanager. Að því er varðar aðra flokka en 1.–7. flokk og 10. flokk gildir núverandi undanþága samkvæmt gildistíma sem settur er fram í annarri undirgrein 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB.
- 6) Því ætti að breyta tilskipun 2011/65/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 2019. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. júlí 2019.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni texta helstu ákvæða í landslögum sem þau samþykkja á því sviði sem tilskipun þessi nær til.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 123, 18.5.2018, bls. 100. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 210/2018 frá 26. október 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 27. febrúar 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í stað 34. liðar III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB komi eftirfarandi:

„34	Blý í málmkeramikkeiningum fyrir stilliviðnám	Gildir um alla flokka, fellur úr gildi: <ul style="list-style-type: none">— 21. júlí 2021 að því er varðar 1.–7. flokk og 10. flokk,— 21. júlí 2021 að því er varðar 8. og 9. flokk, að undanskildum lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi og vöktunar- og eftirlitstækjum í iðnaði,— 21. júlí 2023 að því er varðar 8. flokk, lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi,— 21. júlí 2024 að því er varðar 9. flokk, vöktunar- og eftirlitstæki í iðnaði, og að því er varðar 11. flokk.“
-----	---	---